



Skýrsla starfshóps um nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar

júlí, 2025

Ágúst Bjarni Garðarsson
Guðmundur Árni Stefánsson
Ólafur Ingi Tómasson

Yfirlit

Formáli.....	3
54. þing ÍBH 2025	4
Fundir starfshópsins	4
Spurningalisti til GK og GSE.....	5
Sameiginleg viljayfirlýsing um samstarf við uppbyggingu á nýjum golfvelli	5
Valkostagreining VSÓ ráðgjafar ehf.	6
Staðsetning í landi Hafnarfjarðar	7
Valkostagreining.....	7
Tillögur starfshópsins	7
Tímalína	8
Viðhengi	9

Skýrsla starfshóps um nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar

Formáli

Á 3672. fundi bæjarráðs Hafnarfjarðar sem haldinn var í fundarsal bæjarráðs, Strandgötu 6, þann 9. janúar 2025 var samþykkt erindisbréf um starfshóp um nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar. Á sama fundi var starfshópur skipaður með fulltrúum meiri- og minnihluta bæjarstjórnar.

Starfshópurinn studdist við tillögu um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2025-2033 sem lögð var fram á 54. þingi ÍBH sem haldið var á Ásvöllum þann 27. maí 2025.

Með skýrri stefnu og framtíðarsýn í uppbyggingu íþróttamannvirkja er markmiðið að efla íþrótt- og tómstundarstarf í bæjarfélaginu og stuðla að öruggu, aðlaðandi og heilbrigðu samfélagi fyrir bæjarbúa og gesti þess. Meginverkefni hópsins var að kanna mögulegar staðsetningar fyrir nýjan golfvöll í landi Hafnarfjarðar og koma með tillögu að staðsetningu, ásamt því að móta tillögur um gerð vallar og fyrirkomulag rekstrar á nýjum golfvelli.

Með starfshópnum störfuðu:

- Geir Bjarnason, íþrótt- og tómstundafulltrúi
- Sigurður Haraldsson, sviðsstjóri umhverfis- og skipulagssviðs
- Sigurður Nordal, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs

Til ráðgjafar og samstarfs: Stefán Gunnar Thors, sviðsstjóri umhverfis- og skipulags hjá VSÓ ráðgjöf ehf., Práinn Hauksson, landslagsarkitekt hjá Landslagi ehf., Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt hjá Hafnarfjarðarbæ, Lilja Grétarsdóttir skipulagsfulltrúi Hafnarfjarðar ásamt fulltrúum frá Golfklúbbnum Keili og Golfklúbbi Setbergs eftir atvikum. Á annan fund starfshópsins mættu Ólafur Þór Ágústsson, framkvæmdastjóri Golfklúbbsins Keilis og þeir Högni Friðþjófsson, formaður, Edwin Roald Rögnvaldsson, ráðgjafi, Eiríkur Svavarsson, fulltrúi í framtíðarnefnd GSE, Styrmir Guðmundsson, fulltrúi í framtíðarnefnd GSE og Bjarni Þór Hannesson, ráðgjafi, frá Golfklúbbi Setbergs.

54. þing ÍBH 2025

Þinggerð og samþykkt þingsins.



54. þing Íþróttabandalags Hafnarfjarðar

Haldið á Ásvöllum þriðjudaginn 27. maí 2025

Þingskjal nr.

Tillaga um framkvæmdaröð nýrra verkefna í uppbyggingu íþróttamannvirkja 2025 – 2033 lögð fram á 54. þingi ÍBH.

Lagt er til að verkefni sem nú þegar eru hafinn og hefur verið samið um við Hafnarfjarðarbæ verði **lokið í samræmi við áætlun** þ.e. bygging nýrrar reiðhalla með félagsaðstöðu og annarri tilheyrandi aðstöðu hjá Hestamannafélaginu Sörla að Sörlastöðum og bygging knattúss hjá Knattspyrnufélaginu Haukum á Ásvöllum ásamt búningaþstöðu og frágangi á bílastæðum.

Lagt er til að gengið verði til samninga um ný verkefni:

1. Ítrekað er að strax verði farið í vinnu við að leita að hentugu húsnæði fyrir DÍH til kaups eða leigu. Þarfagreining liggur fyrir.
2. 2025-2026 Lagt er til að Brettafélaginu sé úthlutað öllu húsnæðinu að Selhelli 7, enda uppfyllir það að fullu núverandi þarfir félagsins. Gangi þetta ekki eftir þarf að finna aðrar lausnir til að fullnægja þörfum félagsins.
3. 2025-2030 lagður nýr 27 holu golfvöllur fyrir Golfklúbbinn Setberg í samstarfi við Golfklúbbinn Keili og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Áfram verði unnið að hönnun og öðrum nauðsynlegum undirbúningi.
4. 2025-2030 bygging á nýju íþróttahúsi fyrir Fimleikafélagið Björk. Gert er ráð fyrir að hönnun og annar undirbúningur fari fram á árinu 2025.
5. 2025-2026 breytingar og viðbygging við golfskóla Golfklúbbsins Keilis.

Þann 27. maí fór fram 54. þing ÍBH á Ásvöllum. Þar var tillaga um forgangsöðun næstu ára í uppbyggingu íþróttamannvirkja lögð fram og samþykkt. Hafnarfjarðarbær er nú að vinna með Haukum, Sörla og Brettafélaginu að húsnæðismálum þeirra. Dansíþróttafélaginu var boðið nýtt húsnæði undir starfsemi sína sem þau töldu óhentugt en í stað þess er leigð tímabundin aðstaða hjá FH í Sjónarhóli.

Nýr golfvöllur er því komin efst á forgangslista ÍBH og er því eðlilegt næsta skref að þróa verkefnið áfram eins og minnst er á í tillögukafla.

Fundir starfshópsins

Starfshópurinn fundaði 9 sinnum ásamt skilafundi.

Spurningalisti til GK og GSE

Ákveðið var að senda eftirfarandi spurningalista á forsvarsmenn Golfklúbbsins Keilis og Golfklúbbs Setbergs, þar sem markmiðið var að átta sig á sögu, umfangi og núverandi starfsemi félaganna. Svör þeirra má finna í [viðhengi 1 og 2](#).

1. *Saga golfklúbbanna*
2. *Núverandi aðstaða*
3. *Fjöldi iðkenda/félagsmanna og heimilisfesti*
 - a. *5-24 ára*
 - b. *25-49 ára*
 - c. *50+*
4. *Unglingastarf, afreksstarf og önnur tengd starfsemi*
5. *Fjöldi starfsmanna og stöðugilda á ársgrundvelli*
 - a. *Menntun og sérþekking núverandi starfsmanna*
6. *Þekking og starfsemi innan golfklúbbanna*
 - a. *Önnur umsýsla og starfsemi; umhirða grænna svæða, íþróttavalla eða annað þar sem sérþekking golfklúbbsins nýtist beint eða óbeint*
 - b. *Véla- og tækjabúnaður golfklúbbsins*
 - c. *Áherslur í umhverfismálum*

Sameiginleg viljayfirlýsing um samstarf við uppbyggingu á nýjum golfvelli

Fulltrúar starfshópsins funduðu með forsvarsmönnum félaganna þar sem kannaður var flötur á nánú samstarfi þeirra um framtíðaruppbyggingu á nýjum velli. Úr varð sameiginleg viljayfirlýsing um náið samstarf.

Starfshópur vegna nýs golfvallarsvæðis í Hafnarfirði.

Við er til fyrri samskipta milli starfshópsins og Golfklúbbsins Setbergs annars vegar og Golfklúbbsins Keilis hins vegar, vegna fyrirhugaðrar uppbyggingar á nýjum golfvelli í upplandi Hafnarfjarðar.

Fulltrúar starfshópsins hafa átt samskipti við fulltrúa golfklúbba í ferlinu og óskað eftir þeirra sjónarmiðum og athugasemdum. Golfklúbbaþeir eru sammála um að sameinast um komandi uppbyggingu til heilla fyrir golfíþróttina og samfélagið allt í Hafnarfirði.


Golfklúbbaþeir lýsa því hér með yfir vilja til þess að sameinast um verkefnið í samstarfi við starfshópinn. Eins og öllum ætti að vera ljóst, er gríðarleg þörf á fleiri golfholum á höfuðborgarsvæðinu, sérstaklega þar sem Golfklúbburinn Setberg mun missa núverandi aðstöðu á næstu árum og ásókn í golfklúbba er langt umfram það sem núverandi vallarsvæði þeirra getur annað.

Það er vilji golfklúbba að farið verði í verkefnið í fullri sátt við samfélagið og önnur íþróttafélög í Hafnarfirði. Samkvæmt forgangsráðun íþróttabandalags Hafnarfjarðar, er röðin komin að golfinu.

Virðingarfyllt,

Hafnarfirði, 12. júní 2025.

F.h. Golfklúbbsins Setbergs:



F.h. Golfklúbbsins Keilis:



Valkostagreining VSÓ ráðgjafar ehf. og Landslags ehf.


Starfshópurinn ásamt starfsmönnum og ráðgjöfum fóru í vettvangsferð í upplandið.

Niðurstaða eftir þá ferð og greiningarvinnu er að valkostur D sé besti kosturinn fyrir nýjan golfvöll í Hafnarfirði.

Lagt er til að við endurskoðun aðalskipulags, sem nú er í gangi, verði unnið áfram með tillögu D og að það svæði verði fest undir golfvöll í aðalskipulagi. Svæðið sem um ræðir er sunnan og vestan Stórhöfða og austan við Krýsuvíkurveg og norðan við Bláfjallaveg.

Vinnu VSÓ ráðgjafar ehf. og Landslags ehf. má finna í [viðhengi 3](#).

Staðsetning í landi Hafnarfjarðar



Valkostagreining

Valkostagreining

	Valkostur A	Valkostur A+	Valkostur B	Valkostur C	Valkostur D
Stærð og þróunarmöguleikar	■	■	■	■	■
Þróunarmöguleika byggðar	■	■	■	■	■
Náttúruvá	■	■	■	■	■
Útivist / nýtingarmöguleikar	■	■	■	■	■
Verndarsvæði	■	■	■	■	■
Framkvæmdarkostnaður	■	■	■	■	■
Gæði vallar / svæðis	■	■	■	■	■
Aðgengi	■	■	■	■	■
Eignarhald	■	■	■	■	■

Tillögur starfshópsins

Í góðri sátt og í samræmi við fyrirliggjandi yfirlýsingu frá Golfklúbbi Keilis og Golfklúbbi Setbergs, leggur sarfshópurinn til fjórar tillögur til bæjarráðs Hafnarfjarðar við áframhaldandi vinnu við uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar:

1) Staðsetning nýs golfvallar og næstu skref.

Starfshópurinn leggur til að svæði undir nýjan golfvöll verði samkvæmt valkosti D og afmarkaður í nýtt aðalskipulag Hafnarfjarðarbæjar.

2) Fyrirkomulag rekstrar á nýjum golfvelli.


Starfshópurinn leggur til að golfíþróttin í Hafnarfirði verði rekin undir einum hatti með bestu nýtingu mannauðs, reynslu og þekkingu. Líta má til sambærilegs reksturs Golfklúbbs Mosfellsbæjar þar sem Hlíðarvöllur og Bakkakot sameinuðust svo og Golfklúbbur Reykjavíkur með tvo velli, Grafarholtið og Korpúlsstaðavöll, þar sem mannauður og tæki nýtast á báðum stöðum. Starfshópurinn leggur jafnframt til að verkefnið verði áfangaskipt og að kostnaðarskipting verði 80/20. Í samræmi við tillögu nr. 3 muni framkvæmdahópur m.a. fá það verkefni að útfæra ofangreint í góðu samstarfi við bæjarstjórn Hafnarfjarðar.

3) Framkvæmdahópur um uppbyggingu nýs golfvallar

Starfshópurinn leggur til að framkvæmdahópur verði skipaður um uppbyggingu á nýjum golfvelli í landi Hafnarfjarðar. *Lagt er til að framkvæmdahópurinn verði skipaður fimm aðilum, þremur frá Hafnarfjarðarbæ, einum frá Golfklúbbum Keili og einum frá Golfklúbbi Setbergs.*

4) Starfshópurinn leggur til að gert verði ráð fyrir útboði og hönnun verkefnis í fjárhagsáætlun næsta árs.

Tímalína



Viðhengi

Viðhengi 1 – svör Golfklúbbs Keilis

Viðhengi 2 – svör Golfklúbbs Setbergs

Viðhengi 3 – valkostagreining VSÓ ráðgjafar ehf. og Landslags ehf.

7. JÚLÍ 2025